

## Fundargerð skólanefndar 25. ágúst 2007

Fundur haldinn í skólanefnd á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps laugardaginn 25.ágúst 2007 kl. 11.00.

Mættir voru undirritaðir, fundur settur og tekið fyrir:

### **1. Staðan í kennaramálum.**

Ingólfur upplýsti að það eina sem væri komið fast væri kennsla í yngstu bekkjum 1 og 2. Enskukennsla í öllum bekkjum tekur Aaron, einnig upplýsingatækni. Listagreinar tekur Aaron og Anna. Stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og íþróttir vantar frá 4 bekk og upp úr. Ýmsar hugmyndir eru í gangi, t.d. kom Eyrún með þá hugmynd að kenna í lotum þar sem stundakennarar væru tilbúnir til þess frekar en að festa sig alveg í kennslu. Óvæntur gestur kom inn á fundinn, Jón Örn hann er tilbúinn að taka að sér stærðfræðikennslu á unglingsstigi einnig upplýsti hann að Björn Th. væri tilbúinn í kennslu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12.00

Sigurlaug Guðmundsdóttir (sign)

Guðlaug S. Björnsdóttir (sign)

Krísturín Guðjónsdóttir (sign)

Ingólfur Kjartansson (sign)

Birna Benediktsdóttir (sign)

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (sign)